

Re: ósk um umsögn

Búið til	3.2.2023 12:23:28
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	3.2.2023 12:23:25
Tilheyrir	202301-0121 - Breytingar á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 - ósk um umsögn.

Efni

Re: ósk um umsögn

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	3.2.2023 12:23:25	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	oskar@landmotun.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202301-0121 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Tálknafjarðarhrepps, dags. 26. Janúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018.

Breytingin fjallar um skilmála fyrir iðnaðarsvæði 12 við Gileyri. Einungis er textabreyting í greinargerð en engar breytingar eru á uppdraetti. Þá á að vinna deiliskipulag fyrir seiðaeldi í landi Gileyrar og Eysteinseyrar.

Til stendur að auka framleiðslu fiskeldisstöðvarinnar fimmfalt eða úr 200 tonna hámarkslífmassa í 1000 tonna hámarkslífmassa. Þessu mun fylgja töluveður stækkun en eldirými mun rúmlega fjórfaldast og verða 19.600 rúmmetrar þegar 16 x 1000 rúmmetra kerjum hefur verið bætt við.

Ljóst er að framkvæmdin mun fela í sér margvísleg umhverfisáhrif m.a. vegna grunnvatnsnotkunar og losun frárennslis sem mun aukast mikið við stækkunina og þörf á breyttum hreinsunaraðferðum til að draga úr því.

Skipulagsstofnun ályktaði þó þann 11. nóvember 2022 að stækkun fiskeldisstöðvarinnar þyrfti ekki að fara í umhverfismat. Ekki var leitað umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matsskyldufyrirspurnina.

Upplýsingar um vatnsnotkunina virðast ekki hafa verið réttar í tilkynningu um matsskyldu sbr. ályktun Skipulagsstofnunar og svör framkvæmdaaðila. Í skipulagslýsingunni segir að engin breyting verði á grunnvatnstöku miðað við núverandi notkun. Kemur það á óvart miðað við áætlaða aukningu. Þetta þyrfti að útskýra betur þannig að ljóst sé hver umhverfisáhrif vatnsnotkunar eftir stækkun séu.

Skipulagsstofnun telur að viðtakinn þoli aukið álag sem losun lífrænna efna með frárennsli hefur í för með sér. Náttúrufræðistofnun veltir því fyrir sér hvort nægjanlega hafi verið horft til samlegðaráhrifa við aðra starfsemi í Tálknafirði m.a. landeldi við Norður-Botn, sjókvíaeldi utar í Tálknafirði auk fráveitu frá þéttbýli. Mælt er með að þetta sé skoðað í umhverfismati aðalskipulagsbreytingarinnar. Mjög mikilvægt er að ástand vatnshlots sé vaktað gaumgæfilega og víða til að meta heildarástand þess og áhrif frárennslis á lífríki.

Uppbygging verður töluverð en ekki virðist eiga að raska frekar ósnortnum fjörum með t.d. nýjum eða stækkuðum landfyllingum, eða það kemur ekki fram að minnsta kosti. Útskýra þarf betur hvernig nýjum kerjum verður komið fyrir.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsinguna en áskilur sér rétt á ábendingum síðar í skipulagsferlinu.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Óskar Örn Gunnarsson" <oskar@landmotun.is>

To: "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "eftirlit@hevf.is" <eftirlit@hevf.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>

CC: "Eygló Hreiðarsdóttir" <eyglo@talknafjordur.is>

Subject: ósk um umsögn

Date: 26.1.2023 12:27:07

Góðan daginn

Óskað er umsagnar um meðfylgjandi lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018. Um er að ræða textabreytingu á aðalskipulagi þar sem settir eru ítarlegri skilmálar um fiskeldi á svæði I2 og hámarsklífmassi aukin í 1000 t á ári.

Með kveðju

Óskar Örn Gunnarsson

Skipulagsfulltrúi Tálknafjarðarhrepps